


blað

STÉTTARFÉLAGANNA





Blað stéttarfélaganna er gefið út af
SFR stéttarfélagi í almannaðjónustu og
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson,
formaður SFR
Garðar Hilmarsson,
formaður St.Rv.

Ritnefnd

Áslaug Finnsdóttir, St.Rv.
Borghildur Hertervig, St.Rv.
Einar Ólafsson, St.Rv.
Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko, SFR
Guðni Kristjánsson, SFR
Jón Ingi Jónsson, SFR
Svanhildur Steinarsdóttir, SFR
Þorsteinn V. Einarsson, St.Rv.
Vésteinn Valgarðsson, SFR

Ritstjóri

Ingimar Karl Helgason

Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

Blaðamenn

Atli Þór Fanndal
Ingibjörg Ósk Ólafsdóttir
Magnús Sveinn Helgason

Forsíðumynd

Halldór Baldursson

Umbrot og prentun

Guðjón Ó – vistvæna prentsmiðjan



Skrifstofur félaga

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8330
Fax: 525 8339
Netfang: strv@bsrb.is
www.strv.is

SFR stéttarfélag í almannaðjónustu

Grettisgata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8340
Fax: 525 8349
Netfang: sfr@sfr.is
www.sfr.is

Efni blaðsins

- 3** Leiðarinn
- 4** Dagskrá 1. maí
- 5** Samvinna SFR og St.Rv.
- 6** Ójöfnuður – viðtal við Stefán Ólafsson prófessor
við Háskóla Íslands
- 10** Ekkert að óttast – viðtal við Elínu Björgu Jónsdóttur,
formann BSRB
- 14** Verkfall í Bandaríkjunum
- 16** Öflug grasrót
- 20** Ljósmyndasamkeppni
- 21** Verkfall í Danmörku
- 22** Aðalfundur St.Rv.
- 24** Aðalfundur SFR
- 26** Krossgáta og þrautir



Heyskapur í Hljómskálagarðinum 1940



Leiðari

Ýmislegt kemur upp í hugann þegar alþjóðlegur baráttudagur launafólks er handan við hornið. Í hvaða sporum stöndum við? Eins og fram kemur í viðtalinu við Stefán Ólafsson prófessor hér í blaðinu þá hefur ójöfnuður aukist til muna á Íslandi bæði fyrir hrun og eftir hrun. Af einhverjum ástæðum þá tókst ekki að snúa þróuninni við eftir hrun sem var krafa almennings sem stóð á Austurvelli viku eftir viku og krafðist réttlátara samfélags. Núna 10 árum síðar er ljóst að baráttumálin eru ærin og ýmislegt sem þarf að breytast til að hér verði til það samfélag jöfnuðar og réttlætis sem almenningur á Íslandi krafðist haustið 2008.

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar var lögð fram á dögnum og eins og við var að búast eru skiptar skoðanir um hana. Sumir halda því fram að áætlunin sé þennsluhvetjandi vegna þeirra aðgerða sem ríkið ætlar að ráðast í við uppbyggingu innviða á meðan aðrir gagnrýna harðlega litlar skattabreytingar með flatrí 1% lækkun á skatta sem að sjálfsögðu kemur þeim tekjuhærri mun betur en þeim tekjulægri. Af hverju var ekki persónuafslátturinn hækkaður sem viðurkennt er að sé besta leið skattkerfisins til tekjujöfnunar? Og enn er ekki staðið við loforðið um að endurskoða tekjutengingar sem halda heilu hópum samfélagsins í fátækragildru.

Skattkerfið hefur tvö meginhlutverk. Annars vegar að afla tekna fyrir sameiginleg verkefni samfélagsins og hins vegar að auka tekjujöfnuð. Afstaða verkalyðshreyfingarinnar er alveg skýr. Ef fara á í skattkerfisbreytingar þá á að nota þær til tekjujöfnunar. Og þegar það er gert er mikilvægt að skoða heildarmyndina. Eins og fram kemur í viðtalinu við Stefán þá sýnir rannsókn hans og Arnaldar Sölva að það er lítið gagn í að fólki sé rétt 1% launahækkun með vinstri hendinni sem hægri höndin tekur af þeim um leið í formi hækkanar í heilbrigðis- og menntakerfinu. Niðurskurður í almannapjónustu og lækkun á vaxta- og barnabótum kemur verst við kynslóðina sem er að hefja þátttöku í samfélaginu og stuðlar enn meir að ójöfnuði.

Kjaramál

Stéttarfélag er ekki bara aflið sem berst fyrir hærri launum heldur á það að láta sig varða alla grundvallarþætti sem ríkið sér um sem viðkoma sameiginlegri þjónustu við almenning. Standa vörð um heilbrigðis- og menntakerfið sem dæmi og berjast gegn síaukinni einkavæðingu á þeim sviðum.

Ekki nægir að ráðamenn haldi því fram að hér sé jöfnuður með besta móti í heiminum þegar allar rannsóknir benda til annars. Það er ekki á ábyrgð hins almenna launamanns að stöðugleiki sé á vinnumarkaði, heldur er það á ábyrgð þeirra sem sífellt ögra stöðugleikanum með sjálfstöðu á ofurlaunum. Það er á ábyrgð kjararáðs sem tekur ekkert tillit til þess sem samfélagið hefur gert sátt um. Látum ábyrgðina vera þar sem hún á heima.

1.maí

Breytingar eru að eiga sér stað um allan heim. Sumir kalla það fjórðu iðnbýltinguna. Kannski felst upphaf hennar í fréttum af verkföllum og öðrum væringum á vinnumarkaði víðs vegar í heiminum eins og í Ameríku, Evrópu og á Norðurlöndunum.

Stéttarfélögin verða að bregðast við þeim breytingum sem eru að eiga sér stað. Stéttarfélögin verða að taka stöðu gegn ójöfnuðinum sem er undirrót alls ills hvort sem það eru stríð, kúgun, fátækt eða annar mannlegur harmur.

Þar skiptir samstaðan mestu máli. Oft var þörf en núna er nauðsyn að standa saman.

Kæri félagi. Ekki sitja heima og bíða eftir að hlutirnir gerist af sjálfu sér. Það eru tímamót og kjarasamningar framundan.

**Sýnum samstöðu
og fjölmennum
í kröfugöngur
um allt land
1. maí!**



STERKARI SAMAN!

DAGSKRÁ 1. MAÍ 2018

Í REYKJAVÍK

Safnast saman á horni Laugavegar og Snorrabrautar klukkan 13:00

Kröfuganga hefst klukkan 13:30

Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika í göngunni

Útifundur á Ingólfstorgi settur klukkan 14:10

Dagskrá:

Síðan skein sól

Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR

Síðan skein sól

Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður BHM

Heimilistónar

Samsöngur: Maístjarnan og Internationalinn

Fundi slitið

Öll dagskráin verður túlkuð á táknmáli.

Kolbrún Völkudóttir túlkar söng á táknmáli

Fundarstjóri: Þórarinn Eyfjörð



**STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU**


Samvinna SFR og St.Rv.

Morgunverðarfundir SFR jan – mars 2018 - Samantekt -

Dags.	Já	Nei	Auðir	Alls
9.jan	12		3	15
18.jan	18		1	19
23.jan	16	10	1	27
30.jan	14	6		20
1.feb	13	3	2	18
6.feb	11	4		15
8.feb	16			16
15.feb	21		2	23
16.feb	19	1		20
20.feb	16	1	2	19
22.feb	27	1		28
27.feb	14	3	1	18
1.mar	21	2		23
6.mar	16	1		17
7.mar	21	3	6	30
13.mar	17	6	11	34
14.mar	18	1	1	20
Samtals	290	42	30	362
Hlutfall	80,1%	11,6%	8,3%	100%



Eiga SFR og St.Rv. að
sameinast í eitt stéttarfélag?



SFR og St.Rv. héldu röð morgunverðarfunda núna fyrstu mánuði ársins og tóku tæplega sex hundruð félagar beggja félaganna þátt. Morgunverðarfundirnir voru haldnir í framhaldi af stefnufundi með trúnaðarmönnum SFR og fulltrúum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í nóvember síðastliðnum.

Eins og sjá má af niðurstöðum morgunverðarfundanna er þó nokkur meirihluti í báðum félögum hlynntir frekari samvinna sem er hvatning til að taka næsta skref. Nú í vor og næsta haust

er því áætlun um að halda opna kynningarfundum fyrir félagsmenn þar sem áframhaldandi samtal á sér stað. Lokaákvörðun um samstarf eða sameiningu félaganna er alltaf í höndum félagsmanna og yrði sú ákvörðun tekin í kjölfar allsherjaratkvæðagreiðslu í báðum félögum.

Niðurstaða morgunverðarfundanna gefur glögga mynd af því hvernig félagar sjá fyrir sér öflugt stéttarfélag sem hefur meiri styrk til að ná markmiðum sínum gagnvart viðsemdum og sem getur veitt betri þjónusta í fræðslu- og orlofsmálum.

Á morgunverðarfundunum var gerð skoðanakönnun meðal félagsmanna þar sem velt var upp spurningum um kosti og galla sameiningar félaganna og hvaða þáttum félagsmenn hefðu helst áhyggjur af í því samhengi.

Þar kom fram að huga verður að landsbyggðinni og smærri hópum innan félaganna sem og að gæta þess að félagsmenn eigi áfram sem fyrr greiðan aðgang að starfsfólki skrifstofu sem sinnir þjónustu við þá og að aðstoð á persónulegum nótum við félagsmenn skerðist ekki.

Niðurstöður könnunarinnar verða hafðar að leiðarljósi í áframhaldandi vinnu.

Opnir félagsfundir SFR í vor verða 25. apríl og 15. maí á Grettisgötu 89.


Opnir félagsfundir St.Rv. í vor verða 24. apríl og 16. maí á Grettisgötu 89.

Áfram hvetjum við félagsmenn til að taka þátt með því að mæta á fundina og taka þátt í samtalinu og vinnunni.

Morgunverðarfundir St.Rv. jan-mars 2018 - Samantekt -

Dags	Já	Nei	Auðir	Alls
11.jan	20			20
16.jan	18		1	19
23.jan	23			23
25.jan	19	1	1	21
30.jan	13		2	15
8.feb	11	1	6	18
13.feb	3		2	5
22.feb	19	5	5	29
27.feb	21			21
7.mar	18	3	3	24
Samtals	165	10	20	195
Hlutfall	85%	5%	10%	100%

Eiga St.Rv. og SFR að sameinast í
eitt stéttarfélag?





Nýleg bók þeirra Stefáns Ólafssonar og Arnalds Sölva Kristjánssonar, *Ójöfnuður á Íslandi*, fjallar um hvernig tekju- og eignaskipting á Íslandi þróaðist frá millistríðsárunum til samtímans. Sýnt er hversu ójafnt tekjur og eignir skiptust fyrir stríð en urðu svo mun jafnari á eftirstríðsárunum. Blað stéttarfélaganna hitti Stefán á skrifstofu hans í Háskóla Íslands til að ræða inntak bókarinnar.

„Við Arnaldur Sölvi vildum gera tímabili hinna miklu breytinga á tekju- og eignaskiptingu skil og þess vegna fórum við í að skrifa þessa bók“ svarar Stefán aðspurður hvað varð til þess að *Ójöfnuður á Íslandi* var skrifuð. „Tímabilið frá 1995 og fram að hruni er auðvitað alveg sérstakt tímabil breytinga. Við vildum gera þessum málum skil í víðara samhengi, lengri tíma og fara aftur til millistríðsáranna vegna þess að við höfðum aðgang að gögnum til þess tíma. Raunar er bókin gerð með svipuðum hætti og Thomas Piketty og hans samstarfsmenn hafa verið að gera í rannsóknum á þessu sviði. Við Arnaldur vildum hafa bókina ítarlega og beittum öllum helstu rannsóknaraðferðum sem tíðkast á þessu sviði til þess að leita skýringa á breytingunum. Við vildum segja þessa sögu í formi gagna en um leið tengja þá sögu við stjórnmalaviðhorfin og breytingar á stjórnálaumhverfinu. Við tengjum breytingarnar á tekjuskiptingunni við hnattvæðingu og fjármálavæðinguna sem eru nátengdar þessum breytingum.“

„Atvinnurekendur eru ekki feimnir við að beita sér pólitískt“

Hagvöxtur og jöfnuður

- Ísland fer frá því að vera land mikils ójafnaðar í að vera líklega eitt jafnasta ríki heims samhliða því að hér var gríðarlegur hagvöxtur og almenn lífsgæði bötunuðu verulega á árunum eftir seinna stríð.

- Þetta er væntanlega gert meðvitað og með aðgerðum sem virka?

„Já, þetta gerist með markvissum aðgerðum. Á millistríðsárunum var Ísland með álíka ójafna tekjuskiptingu og grannþjóðirnar flestar. Frá og með árum seinni heimsstyrjaldarinnar jafnast þetta mikið. Í reynd virðist sem Ísland sé sennilega með jöfnustu tekjuskiptingu í heimi á þessum 40-50 fyrstu árum lýðveldisins. Ísland er þarna ívið jafnara en hin Norðurlöndin. Það er út af fyrir sig athyglisvert en það er líka athyglisvert vegna þess að það er til þessi kenning um að það þurfi að hafa ójöfnuð til að fá góðan hagvöxt. Við vorum með einu jöfnustu tekjuskiptingu í heimi samhliða því að vera efnahagsundur, því hér var hagvöxtur með mesta móti og mikil velferðarþróun. Á þessu tímabili á sér stað uppbygging almannatrygginga, heilbrigðiskerfis og menntakerfis. Lífskjör batna hérna gríðarlega mikið þrátt fyrir þetta jafnaðarumhverfi. Það

er þvert á allar kennisetningar nýfrjálsbyggjunnar. Það er dálítið mikilvæg lexía.“

Ójöfnuður er ákvörðun

- Nú höfum við gögn og tiltölulega nýliðna sögu um hagstjórn sem virkar til aukinna lífsgæða, hagvaxtar og jöfnuðar. Hvað veldur tregðu til að nota þær aðferðir einfaldlega og þá í örlítið upp færðu formi?

„Þetta tímabil eftirstríðsáranna er náttúrulega tími blandaðs hagkerfis og sennilega var blandan framan af þannig að hún gekk um of út á ríkisafskipti, óþarflega mikið og við vorum seinni til að auka jafnvægið milli ríkisafskipta og markaðsáhrifa. Við hefðum átt að hleypa meiri markaðsáhrifum inn án þess að leyfa þeim að drekkja okkur. Við vorum kannski fullmikið í höftum og slíku en farsæl efnahags- og velferðarþróun þarf alltaf að vera jafnvægisstefna milli þess að nýttir séu kostir markaðarins, lýðræðisins og ríkisvaldsins. Það er best að sigla milliveg. Ég er ekki endilega að segja að það sé millipólitík en við erum með þessi tvö kerfi: markaðinn og lýðræðisleg stjórnmal. Við þurfum að nýta okkur kosti beggja í bland, eins og John Stuart Mill kenndi á 19. öldinni.“

- Hvað var það sem breyttist í stjórnmalunum?

Þetta voru nefnilega hugmyndir sem almenn sátt ríkti um.

„Ég segi það nú stundum að eftir að Svíar fóru að veita nýfrjálsbyggjumönnum Nóbelsverðlaun í hagfræði (Friedman, Hayek og Buchanan o.fl.) þá varð nýfrjálsbyggjan smám saman ríkjandi stefna (stjórnmal) hagfræðinnar. Hún smitaðist svo um allt samfélagið. Sumir þessara manna voru nú meiri áróðursmenn en fræðimenn. Nýfrjálsbyggjan fékk þannig lögmæti sitt á 8. áratugnum, meðal annars vegna þessara verðlauna. Frá og með 1980 þá varð hún smám saman ríkjandi pólitík og það tengist kannski líka því að vinstri pólitík fór svolítið í ógöngur. Menn fóru of mikið kannski í varnarstöðu og fitjuðu ekki nógu mikið upp á nýjungum. Það er aldrei gott að spila bara varnarbolta en engan sóknarbolta. Þá lætur þú andstæðinga þína eina um sóknina. Það er dálítið þannig sem ég sé pólitísku umskiptin á síðustu 30 til 40 árum.“

Hnattvæðingin guðsgjöf til nýfrjálsbyggjunnar

„Hnattvæðingin spilaði í sjálfu sér öllu upp í hendurnar á nýfrjálsbyggjunni. Hnattvæðingin greiðir götu óheftu markaðsháttanna og hún grefur undan möguleikum lýðræðislegra stjórnála til að hafa áhrif í hverju landi fyrir sig. Í staðinn magnast áhrif alþjóðlega fjármálamarkaðarins og ríkisstjórnir missa hluta af stjórnþækjum sínum. Þetta hefur skapað umhverfi sem breiddist ótrúlega hratt út eftir um 1980. Allt hefur þetta spilað upp í hendur markaðsaflanna og sérstaklega upp í hendurnar á fjárfestum sem eru mesta eignafólkið og helsti hátekjuhópurinn. Nær allar rannsóknir á þróun tekju- og eignaskiptingar sýna að afleiðingarnar láta ekki á sér standa. Búið er að koma á fyrirkomulagi í heimshagkerfinu og í alþjóðapólitík sem að grunni til þjónar fyrst og fremst hagsmunum hátekju- og stóreignafólks en í vaxandi mæli hefur það skilið millistéttina og lægri tekjuhópna eftir. Það er ekki það að hagvöxtur hafi hætt og allt hafi stoppað. Nei, nei, hagvöxtur hélt áfram en afrakstur hagvaxtarins rann bara upp á topp þjóðfélagsins og er enn í því farinu í sumum löndum. Þó að kreppan hafi sett svona smá bakslag í þessa þróun þá er sérstaklega áberandi að í Bandaríkjunum er ójöfnuðurinn í dag jafnvel enn meiri en hann var fyrir kreppu - raunar meiri en nokkru sinni fyrir í því landi.“

Menningarpólitískur sigur ójöfnuðar

- Er sigur nýfrjálsbyggjunnar ekki fyrst og fremst menningarpólitískur sigur? Það hefði verið óhugsandi á sínum tíma að menn gætu talað fyrir því sem sameiginlegu verkefni að moka undir hina ríkustu.

„Jú, það tengist svolítið líka því að vinstri- og miðjupólitíkin var afvopnuð með því að nýfrjálsbyggjuhagfræðin setti Keynesísku hagfræðina um blandaða hagkerfið til hliðar. Það var mikið óheillaspor því að það var meiri hagvöxtur á Keynesíska tímanum. Honum fylgdi meiri bati lífskjara allra. Nýfrjálsbyggjan fer líka fram með mjög miklu áróðursstarfi, mjög öflugum kynningarstarfi og svo hjálpar prestastétt hinna óheftu markaðshátta til, þ.e. meirihluti hagfræðingastéttarinnar. Jafnvel bestu menn úr þeim hópi setja hinum óheftu markaðslausnum aldrei stólinn fyrir dyrnar, þeir horfa sjaldan á gallana á þeirri skipan. Þeir horfa til dæmis framhjá því hvernig óheftur fjármálamarkaður eykur alla áhættu og ráðstafar fjármunum í samfélaginu á hinn fáránlegasta hátt - auk þess að stórauka ójöfnuðinn í samfélaginu. Með þessu öflugum áróðursstarfi í þágu óheftra markaðshátta tókst að afvopna vinstrið og miðjuna. Þá missa menn sjálfstraustið og draga sig í hlé. Það er lítið spennandi að vera í tapliðinu. Ætli stærsti sigur nýfrjálsbyggjunnar sé ekki einmitt sá að hafa tekist að sannfæra marga um að best sé að bæta hag almennings með því að moka sérstaklega undir þá allra ríkustu. Þetta er einmitt brauðmylsnukenningin sem er einfaldlega súrealísk og almennt viðurkennd nú sem slík, m.a. af OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.“

Óheyrilegt vægi fjármagnstekna

- Þú hefur skrifað talsvert um eigna- og tekjuskiptingu áður en er eitthvað sem kom þér á óvart við að vinna bókina?

„Það kom mér mest á óvart hvað vægi fjármagnsteknanna var gríðarlega mikið á Íslandi á áratugnum fram að hruni. Ég vissi að það var mikið og vaxandi. Ég hafði skrifað um það en þegar við fórum að fá samanburðargögn erlendis frá þá sáum við það að vægi fjármagnstekna á Íslandi var bara miklu meira en í öðrum löndum. Það tengist svo saman við það að notkun Íslendinga á erlendum skattaskjólum var líka með mesta móti. Þetta kjaraumhverfi fjármálaheirans sem



„Núna er verið að tala um að lækka álagningu í tekjuskattinum um eitt prósentustig. Það skilar flestum krónum til hærri hópanna. Ef þú hækkar persónuafsláttinn og skattleysismörkin þá skilar það sér í hlutfallslega meira mæli til lægri hópanna og það er pólitík sem stjórnvöld ættu að styðja,“ segir Stefán Ólafsson.

er alveg við hliðina á kjarumhverfi þjóðarinnar, vinnumarkaðinum, kom mér á óvart. Sérstaklega hvað það var stórt og hvað stjórnvöld hafa búið þeim sem hafa fjármagnstekjur mikil fríðindi. Þó að það hafi dregið úr þeim fríðindum, vinstri stjórnin tvöfaldaði fjármagnstekjuskattinn, þá er hann samt enn lægri en í flestum OECD-ríkjum.“

Forgangsroðun til jafnaðar

- Hvað er það sem skiptir mestu máli að fara í núna?

„Þau stjórnvöld sem vilja leggja góðar og heilbrigðar línur fyrir framtíðina, og partur af framtíðinni á að vera að við séum með heilbrigðan samkeppniskapítalisma, en ekki einokunar-braskapítalisma eins og verið hefur. Til að það geti orðið þarf að ná einhverjum tökum á fjármálageiranum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Það má ekki láta fjármálaöflin leika lausum hala áfram í nafni alþjóðavæðingar og einherrar draumsýnar um óhefta markaði,“ segir Stefán og bætir við að varast verði kjarþróun þar sem efsta lag samfélagsins tekur sífellt stærri og stærri sneið af kökunni, því það er hvorki sjálfbært né sanngjarnt. „Stjórnvöld þurfa heilmikið hugrekki til að taka á fjármálaöflum. Fjármálaöflin eru klók og þau eru með mikið af sérfræðingum í þjónustu sinni og hagsmunagæslu. Þetta er heimur sem fæstir skilja sem eru ekki í honum. Maður sá það til dæmis á vinstri stjórninni sem var hérna 2009-2013 að hún var alltof feimin við þessi öfl þegar hún stóð frammi fyrir þeim með hrúnið bankakerfi, hún var feimin við að taka á þeim. Maður getur auðvitað alveg skilið það. Fullt af hagfræðingum eru hér sem segja að þú megir ekki stýggja þetta og ekki hitt. Það þarf að hafa lánsmatshæfi og þú þarft að þóknast þessum öflum. Þau eru með viðmið alþjóðlega fjármálamarkaðarins, láns hæfi ríkisstjórna, sem á að stýra efnahagspólitík og velferðarpólitík í einstökum löndum. Við þurfum að spyrja hvort við séum tilbúin í að láta alþjóðlegan fjármálamarkað stýra stjórnmalunum í hverju landi fyrir sig. Stjórnmalin þurfa að vera fær um að stíga út fyrir þetta og bjóða þessum öflum birginn, án þess þó að ganga alveg frá þeim. Við eigum að fara leið blandaða hagkerfisins og megum ekki láta óheftan græðgis-kapítalisma taka alla forystu og öll völd. Þetta eru alvöru hagsmunaaðtök sem leysa þarf í þágu almannahagsmuna frekar en í þágu fámennrar yfirstéttar.“

Sérhannaðar refsingar gegn ungu fólki

- Hvað með praktískar leiðir?

„Jú, eitt sem stjórnvöld geta gert er að styðja við kjarasamninga. Stjórnvöld eru iðulega aðilar að kjarasamningum hér, beint eða óbeint. Þau geta vel stutt við kjarasamningsleiðir sem fela í sér meiri kjarabætur fyrir lægri hópa, í öðru lagi



„Það er lítið spennandi að vera í tapliðinu. Ætli stærsti sigur nýfrjálshyggjunnar sé ekki einmitt sá að hafa tekist að sannfæra marga um að best sé að bæta hag almennings með því að moka sérstaklega undir þá allra ríkustu,“ segir Stefán Ólafsson.

„Hagvöxtur hélt áfram en afrakstur hagvaxtarins rann bara upp á topp þjóðfélagsins.“

geta stjórnvöld lagt lið beint í gegnum skatta- og velferðarpólitíkina. Létt skattbyrðina af lægstu hópunum meira. Núna er verið að tala um að lækka álagningu í tekjuskattinum um eitt prósentustig. Það skilar flestum krónum til hærri hópanna. Ef þú hækkar persónuafsláttinn og skattleysismörkin þá skilar það sér í hlutfallslega meira mæli til lægri hópanna og það er pólitík sem stjórnvöld ættu að styðja,“ segir Stefán. „Sömuleiðis ættu stjórnvöld að styðja ungu kynslóðina sérstaklega með vaxta- og húsnæðisbótum. Við erum með húsnæðismarkað sem er með hæstu verð sem nokkru sinni hafa verið hér á landi en þá eru vaxtabætur lægri en þær hafa nokkru sinni verið. Þetta er náttúrulega algjört glapræði. Það er eins og þetta sé sérhannað til að refsa ungu fólki, gera þeim erfitt um tækifæri til að komast inn á húsnæðismarkaðinn. Í öðru lagi er það sama með barnabætur. Það er alltaf erfitt að byrja sinn feril og stofna fjölskyldu og koma sér upp húsnæði og öllu sem þarf fyrir fjölskyldur með börn. Þetta eru mjög skilvirkar leiðir sem stjórnvöld geta farið í til að auka jöfnuð og velmegun, með skatta- og velferðarstefnunni. Þetta er miklu praktískari pólitík en að veita fjárfestum sem eyða megninu af tíma sínum á golfvöllum út um allan heim sérstök skattfríðindi á sínar tekjur, fjármagnstekjurnar. Þá ættu stjórnvöld að minnsta kosti að skattleggja fjármagnstekjurnar jafnmikið og atvinnutekjur vinnandi fólks. Þetta geta stjórnvöld gert til að styðja við jöfnuð og stuðla að því að hagvöxturinn skili sér til fjöldans en ekki mest til fámennrar yfirstéttar, eins og í Bandaríkjunum. Það er bæði réttlæti og skynsemi sem mælir með þessu.“ Stefán bendir á að mælingar eftir mælingar sýni að átta af hverjum tíu Íslendingum telji ójöfnuð of mikinn hér á landi. Það sé því furða að hreyfingar almennings taki ekki á móti ójafnaðar-stjórnmalunum af meiri hörku en dæmin sýna.

Aðferðir sem virka

- Hér á Íslandi hafa verið farnar aðrar leiðir og í bókinni þinni þá sést að við förum úr miklum ójöfnuði í mikinn jöfnuð. Er það ekki alveg ljóst að þínu mati að það er vegna aðgerða yfirvalda; ekki einhverjar tilviljanir?

„Jú, mikil ósköp. Jöfnuður næst fyrst og fremst vegna stjórnvaldsaðgerða og beitingu Keynesísku hugmyndanna um blandaða hagkerfið. Eitt af því var uppbygging velferðarríkisins eftir seinni heimsstyrjöld. Sú uppbygging hafði auðvitað bein áhrif á tekjuskiptingu alls staðar á Vesturlöndunum, sérstaklega í Evrópu en minna í Bandaríkjunum. Þar var minna sett í velferðarkerfið og jafnandi aðgerðir. Skattakerfið var líka meira jafnandi áður fyrr, beit fastar í hæstu tekjurnar.“

- Það er náttúrulega svakalegt að horfa upp á hvernig skattbyrði lág- og millitekjufólks hefur verið hækkuð undanfarin ár, eins og hagdeild ASÍ sýndi nýlega og birtist í ítarlegri umfjöllun í bók ykkar Arnaldar Sölva.

„Já, það er mjög undarlegt. Stjórnmalamenn ný-frjálslyggjunnar hafa troðið upp sem talsmenn skattalækkana. En þeir voru bara að lækka skatta á tekjuhæstu hópana um leið og þeir juku þá á lægri hópana. Þetta komust þeir upp með um tíma.“

- Þegar þú segir „þeir komust upp með það.“ Hverja áttu þá við? Hver lét þá komast upp með það?

„Á áratugnum fram að hrúni fannst mér eins og launþegahreyfingin hefði misst áttirnar um hvað var að gerast. Hún horfði alveg fram hjá öllu því sem var að gerast í fjármagnsgeiranum og skattkerfinu. Hún gerði þjóðarsátt sem átti að snúast um hóflegar og svipaðar hækkanir fyrir alla. Hátekjufólkið stofnaði bara einkahlutafélög og breytti atvinnutekjum í fjármagnstekjur sem báru minni skatta. Það fólk var stikkfrí í þjóðarsáttinni, í öðru skattaumhverfi og braskgeira fjármálanna. Mér finnst launþegahreyfingin hafa misst fæturna í þessu. Hún lét það líka framhjá sér fara lengi vel að



„Launþegahreyfingin er náttúrulega öflug á Íslandi, hefur mikla getu og hvað sem manni finnst þá er alveg ljóst að margt er vel gert á þeim vettvangi. Launamannahreyfingin er með það stóran hluta af launafólki innbyrðis og hún er á vaktinni með trúnaðarmönnum á vinnustöðum og er að gera mjög margt mikilvægt, það er engin spurning.“

persónuafslátturinn í tekjuskattinum var að rýrna stórlega ár frá ári, 1995 til 2004, vaxtabæturnar sömuleiðis. Hreyfingin gerði bara lítið í þessu. Hreyfingin reyndi að knýja fram hækkanir fyrir þá lægst launuðu og stundum tókst það. Sú hækkan var svo bara étin upp með aukinni skattbyrði á láglaunahópa. Þetta er enn að gerast.“

- Er hægt að skrifa það á hreyfingu launafólks eingöngu? Hér hafa stjórnmalin í samráði við fjármálavaldið auðvitað verið efnislega að baki samkomulaga eins og þjóðarsáttarinnar.

„Já og það sýnir líka að það er ekki nóg fyrir launþegahreyfinguna að knýja fram einhverjar kauphækkanir í kjarasamningum. Hreyfingin þarf að hafa eitthvað tangarhald á því hvernig ríkið klípur þær til baka í gegnum skatta og velferðarkerfið. Ef þú færð kauphækkun á launum sem duga vart til framfærslu og

„Þetta eru alvöru hagsmunaátök sem leysa þarf í þágu almannahagsmuna frekar en í þágu fámennrar yfirstéttar.“

sem er bara tekin til baka með hærri skatti, þjónustugjöldum notenda og minni stuðningi velferðarkerfisins þá ertu í sömu og jafnvel verri stöðu en áður. Þetta er það sem menn eru að segja núna, það var samið um að lágtekjufólk myndi hækka á milli ára um tæp 6-7% en svo hækkaði skattbyrðin en barnabæturnar og vaxtabæturnar rýrnuðu og út úr því kom kannski eins prósent hækkan í staðinn fyrir þessi sex til sjö prósent sem samið var um.“

Ópólitísk verkalýðshreyfing

- Kannski óttast fólk að vera stimplað of pólitískt eða spyrt saman við ákveðna flokka ef kröfugerðin er að skatt- og bótakerfið sé nýtt til aukins jafnaðar?

„Launþegahreyfingin er náttúrulega öflug á Íslandi, hefur mikla getu og hvað svo sem manni finnst þá er alveg ljóst að margt er vel gert á þeim vettvangi. Launamannahreyfingin er með það stóran hluta af launafólki innbyrðis og hún er á vaktinni með trúnaðarmönnum á vinnustöðum og er að gera mjög margt mikilvægt, það er engin spurning. En launamannahreyfingin gæti auðvitað gert meira til að virkja sína eigin grasrót en það er líka lítil í þátttaka í starfi stjórnmalaflokka. Í aðra röndina er hreyfingin náttúrulega með lifandi þátttöku í atvinnulífinu en í hina gæti hún verið með meiri virkni út í samfélagið. Þá er dálítill galli að hreyfingin geti ekki beitt sér pólitískt. Ég meina, atvinnurekendur eru ekki feimnir við að beita sér pólitískt. Þeir styðja Sjálfstæðisflokkinn mjög afgerandi og ákveðið og eru bara alla jafna í eigin hagsmunapólitík. Atvinnulífið segir stjórnvöldum hvað þau eiga að gera og allt það - jafnvel í hverri viku. Ef að launamannahreyfingin er tilneydd til að kúpla sig frá allri þátttöku á pólitískum vettvangi þá er hún að hamla sig. Það þarf ekkert að vera þannig að allir í launþegafélögum séu í sama stjórnmalaflokki eða styðji sama stjórnmalaflokk en það sem að launamannahreyfingin á að berjast fyrir er kjarapólitík. Stjórnvaldsaðgerðum sem hafa áhrif á kjör vinnandi fólks, hvaða flokk sem það kys. Menn geta beitt sér þegar atvinnurekendur leggja til að það séu lækkaðir skattar á fyrirtæki en hafa engan áhuga á að lækka skatta á vinnandi fólk. Þá finnst mér að launþegahreyfingin eigi að hafa áhuga á þeim málum og tala fyrir hag fjöldsans. En ef það á að kúpla sig frá þeirri umræðu á þeirri forsendu að launamannahreyfingin sé ekki pólitísk, tengist ekki flokkum, þá náttúrulega er verið að bjóða upp á þær aðstæður að þeir semji um 6% kauphækkun en svo fari 5% af því í aukna skattbyrði eða lægri fjölskyldubætur og minni húsnæðisstuðning. Það er bara hömluð kjarabarátta og léleg kjarapólitík. Launamannahreyfingin gerir margt mjög mikilvægt og merkilegt og er mjög þýðingarmikil hreyfing. Hún á ekki bara að vera í kjarasamningum hún á líka að vera í kjarapólitík, sem þó er ekki sérstaklega flokksbundin.“

Þurfum ekki að óttast nokkurn skapaðan hlut

Endurnýjun í verkálýðshreyfingunni er nauðsynleg eins og annars staðar í þjóðfélaginu, segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, um áberandi hræringar í verkálýðshreyfingunni. Hún segir Blaði stéttarfélaganna frá áherslumálum bandalagsins og verkefnunum framundan.

Það er glaðleg kona, örugg og ákveðin í fasi sem tekur á móti mér þegar ég kný dyra á skrifstofu formanns BSRB. Hún býður til sætis og kemur sér fyrir andspænis mér. Konan sem situr á móti mér heitir Elín Björg Jónsdóttir og hefur gegnt embætti formanns BSRB frá árinu 2009. Hún kemur sér beint að efninu þegar ég spyr um verkefnin í aðdraganda sveitarstjórnakosningunum sem verða haldnar 26. maí.

Mikilvæg jafnréttismál

„Fyrst og síðast erum við að leggja mikla áherslu á nærbjónustuna. Þar höfum við unnið mjög ötullega að því að kortleggja verkefnin og meðal annars gert skýrslu um það hvernig staðið er að málefnum dagvistar barna í sveitarfélögunum. Þetta er auðvitað mjög misjafnt en það er mjög mikilvægt að leikskólinn geti tekið við þar sem fæðingarorlofinu sleppir.“

Elín Björg bætir því við að bandalagið hafi verið í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórnvöld um næstu skref. „Það er mikilvægt núna, þegar fyrir liggur að fæðingarorlofið verður lengt, að samhliða verði farið í viðræður við sveitarfélögin þannig að það verði lögfest að leikskóla- og dagvistarmál verði í því standi að sveitarfélögin ráði við að taka á móti börnum á leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi. Þetta bil milli fæðingarorlofs og leikskóla er kallað umönnunarbíl. BSRB vill koma að þessu verkefni því þetta er auðvitað eitt af risastóru jafnréttismálunum okkar: Að karlar og konur, feður og mæður, séu jafnsett á vinnumarkaði, þótt það sé á því tímabili þegar fólk er að eignast börn. Það hefur nefnilega sýnt sig, því miður, að það eru konur í meira mæli sem eru að brúa þetta umönnunartímabil, sem segir okkur að þetta er mikilvægt jafnréttismál.“





Baráttumál til margra ára

„Við höfum líka viljað leggja áherslu á styttingu vinnuvikunnar. Þar hafa sveitarfélögin tekið mjög vel við sér, borgin til að byrja með og gerði þetta mjög vel. Síðan gerðum við í BSRB samkomulag við stjórnvöld um tilraunaverkefni á ríkisstofnunum sem er komið vel á veg. Í kjölfarið höfum við verið í viðræðum við ýmis sveitarfélög um að taka upp styttingu vinnuvikunnar og nýta þau verkefni sem við höfum verið að vinna með Reykjavíkurborg og ríkinu,“ segir Elín Björg.

Þannig aukist þekking og sjónum sé beint að einu mikilvægasta málinu: „Að bæði karlar og konur geti líka sinnt heimilum og fjölskyldum.“

Um kjaramálin segir Elín Björg að þau séu á hendi aðildarfélaganna BSRB. „Þannig að við erum ekki að vinna að þeim að öðru leyti en því sem aðildarfélögin fela okkur að gera hverju sinni,“ segir Elín Björg og ítrekar þau verkefni sem bandalagið sinnir um umönnunargapið og styttri vinnuviku.

„Þarna er auðvitað heilmikið verk að vinna og það tekur tíma. En við erum sannarlega búin að opna þessa umræðu.“

Spurð um hvaða sveitarfélög hafi sýnt áhuga á styttri vinnuviku nefnir Elín Björg Reykjanesbæ þar sem þegar hafi verið haldinn fundur um málið. Einnig sveitarfélög á Vestfjörðum og Akraneskaupstað. „Við höfum ekki fundað með fulltrúum sveitarfélaganna á Vestfjörðum en þau hafa óskað eftir fundi, og það er einfaldlega bara veturinn sem hefur haft það í för með sér að það hefur ekki verið auðvelt að sinna því. En þau fylgjast mjög grannt með. Síðan höfum við verið í sambandi við mörg önnur sveitarfélög sem hafa sýnt þessu áhuga og við erum að leiðbeina hjálpa, styðja við og styrkja og reyna að koma að þessu máli eins víða og við getum.“

Samningsatriði

- Ertu bjartsýn á að stytting vinnuvikunnar náist fram. Nú liggur til dæmis frumvarp fyrir Alþingi um styttingu vinnuvikunnar úr 40 stundum í 35 sem þingmaður Pírata hefur lagt fram. Við þekkjum viðhorf samtaka atvinnurekenda en BHM styður málið en ASÍ setur fyrirvara við það. Veldur sá fyrirvari vonbrigðum?

„Í sjálfu sér ekki, við höfum alltaf haft það sjónarmið að við eigum að semja um vinnutímann og það hefur ekkert breyst. En hitt er annað mál hvort kemur á undan, eggjið eða hænan. Stóra málið er að kannski það að stytta vinnuvikuna um fjórar stundir á viku hefur lengi verið baráttumál hjá BSRB. Það hefur verið að þróast í um það bil 15 ár og er alltaf að færast ofar og ofar á kröfulistann. Það gerðist svo loksins að Reykjavík fór af stað með okkur og BSRB náði samkomulagi við þáverandi ríkisstjórn um að fara í þessi tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar varðandi stofnanir. Þessi verkefni hafa auðvitað tekið málið miklu meira upp á yfirborðið en það gerði áður. Þannig að ég tel að við séum sannarlega búin að koma málinu á dagskrá en við þurfum auðvitað að vinna það áfram því það gerist að sjálfsögðu ekkert af sjálfu sér í þessu máli.“

Ekkert að óttast innan verkalyðshreyfingarinnar

Hræringar innan verkalyðshreyfingarinnar hafa ekki farið framhjá neinum. Við sjáum sameiningu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR í pípunum. Síðan er Landssamband lögreglumanna hvað ofan í annað að tala um úrsögn úr BSRB. Sama sáum við innan ASÍ þegar Sjómannafélag Grindavíkur sagði sig úr samtökunum. Síðan hafa skeytin gengið milli formanns VR og forseta ASÍ og kosningabaráttan í Eflingu var hatrömm þegar ekki blasti við annað en að þeir sem voru á fleti fyrir – og fulltrúar þeirra – lögðust beinlínis gegn endurnýjun. Og þessi dæmi eru fleiri. Hvert er álit BSRB á þessum málum. Eru þetta góðar fréttir eða eitthvað til að óttast að mati bandalagsins?

LSR Kynningar – og fræðslufundir um lífeyrismál í maí 2018



28. maí fyrir sjóðfélaga í B-deild

29. maí fyrir sjóðfélaga í A-deild

30. maí fyrir sjóðfélaga sem eiga réttindi í A- og B-deild

Hægt er að velja um tvær tímasetningar, kl. 8:30-10:00 eða kl. 16:30-18:00.

Sjóðfélagar eru beðnir um að skrá sig á fundinn með því að hringja í síma 510 6100 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lsr@lsr.is og tilgreina nafn, kennitölu og val á tímasetningu.

Fundirnir verða haldnir í húsnæði LSR að Engjateigi 11.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is

Hefði viljað aðra leið

„Nei nei, fólk þarf ekki að óttast nokkurn skapaðan hlut í þessu. Stóra málið er auðvitað, ef ég tek fyrst það sem er að gerast innan BSRB, þá er það alveg rétt að SFR og St.Rv. tvö stærstu aðildarfélög BSRB eru að vinna að sameiningu og það eitt og sér að búa til stórt öflugt félag innan bandalagsins er hið besta mál. Hins vegar hefði ég gjarnan sjálf, ef ég hefði fengið að kortleggja málið, valið að gera það öðruvísi. Ég hefði viljað styrkja hluta starfsmanna sveitarfélaga og gera þeirra samningsstöðu gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga öflugri. Það sama mætti svo gera fyrir ríkisstarfsmenn gagnvart ríkinu. Því það er auðvitað hinn raunverulegi vettvangur í kjarabaráttunni; samtalið við viðsemjendur,“ segir Elín Björg.

Hún tekur hins vegar fram að félögin ráði sjálf sínum málum.

„Hvernig félögin haga sínum málum er vitaskuld í þeirra höndum. Stóra málið er að öll aðildarfélög þurfa að vera nægjanlega sterk til að geta tekið slaginn við viðsemjendur þegar á því þarf að halda, það er auðvitað stóra málið.“

Löggan á jaðrinum

„Varðandi Landssamband lögreglumanna þá er það alveg rétt að þau hafa verið að skoða hagsmuni sína af því að taka þátt í starfi bandalagsins um langa hríð, ekki í fyrsta og ekki annað sinn. Það er greinilegt að þau eru ekki viss um hvernig best er að vinna úr þeirri stöðu og það er auðvitað eðlilegt og rétt að aðildarfélög BSRB eins og annarra heildarsamtaka vegi það og meti hverju sinni hvernig þeirra hagsmunum er best fyrir komið. Og þau ákveða þetta auðvitað sjálf. Lögreglufélagið hefur ekki tekið neina ákvörðun en þessi mál eru í ferli hjá þeim.“

Hlakkar til að vinna með Sólveigu Önnu

B-listi Sólveigar Önnu Jónsdóttur vann yfirburðasigur í kosningum til stjórnar Eflingar á dögnum og tekur Sólveig Anna sem er yfirlýstur sósíalisti við sem formaður. Í kosningabaráttunni sem var á tímum hatrömm og einkenndist af ásökunum um flokkspólítísk afskipti – raunar Sósíalistaflokksins sem aldrei hefur boðið fram – var Sólveig Anna óhrædd við að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum og afstöðu og setti kjör félagsmanna í fyrsta sæti. Á móti var talað um reynslu og festu sem Efling þyrfti að halda í.

„Varðandi kosningu til Eflingar þá var það auðvitað mitt konuhjarta sem slær með ungri og öflugri konu sem hefur greinilega heilbrigða sýn á stóru málin og ég hlakka til að vinna með henni. Ég veit að við eigum að ná saman um þau stóru mál sem við erum að glíma við hverju sinni. Endurnýjun í verkálýðshreyfingunni er nauðsynleg eins og alls staðar annars staðar í þjóðfélaginu. Fólk kemur og fer og það koma nýjar áherslur og breytingar með nýju fólki eins og gengur og gerist. Þegar upp er staðið þá viljum við öll það sama: Bæta samfélagið okkar.“





Kennaraverkföll brjóta blað í bandarískri verkalýðsbaráttu

Pótt fáránleikasirkús og upphlaup Donald Trump einoki fréttáflutning frá Bandaríkjunum koma merkilegustu fréttir síðustu vikna alls ekki úr Hvíta húsinu eða Washington. Stærsta frétt síðustu vikna og mánaða vestan hafs eru sögulegir sigrar sem hafa unnist í verkalýðsbaráttu kennara í nokkrum íhaldssömum fylkjum Bandaríkjanna.

Kennarar í Vestur-Virginíu, Oklahoma, Kentucky og Arizona hafa vakið von um að nýr kafli sé að hefjast í bandarískri verkalýðsbaráttu og að með fjöldasamstöðu sé hægt að hrinda árásum nýfrjálsbyggjunnar á félagslega innviði.

Veikburða verkalýðshreyfing

Bandaríska verkalýðshreyfingin má muna fífil sinn fegurri. Hlutfall launafólks sem tilheyrir verkalýðsfélögum (11.3%) hefur ekki verið lægra síðan á fjórða áratug síðustu aldar. Síðan Ronald Reagan setti lög á verkfall flugumferðarstjóra árið 1981 hafa stjórnvöld, bæði í Washington og fylkishöfuðborgum um öll Bandaríkin þrengt að verkalýðshreyfingunni með lagasetningu sem takmarkar rétt verkalýðsfélaga til að semja fyrir hönd félagsmanna, gerir nánast ókleift að stofna ný félög og takmarkar möguleika verkalýðsfélaga á að beita sér í stjórnámálum.

Ein afleiðing þessa er að verkföllum hefur fækkað. Árið 1970 lögðu 2,5 milljónir manna niður vinnu í 381 meiriháttar verkföllum í Bandaríkjunum. Árið 2010 tóku ekki nema rétt rúmlega 45.000 manns þátt í 11 verkföllum.

Stéttarfélögum opinberra starfsmanna, sem eru í raun einu félögin sem eftir eru, hafa verið settar mjög þröngar skorður. Sem dæmi hafa kennarar í Oklahoma ekki verkfallsrétt. Til þess að leggja áherslu á kröfur sínar skipulögðu þeir því ólögleg skæruverkföll. Skólayfirvöld í fylkinu hótuðu fyrst að reka eða sekta kennara sem lögðu niður vinnu en gáfu loks eftir og lokuðu skólum frekar en að efna til enn frekari átaka við kennara.

Róttæk grasrótarbylgja

Verkfallsbylgjan hófst í Vestur-Virginíu 22. febrúar þegar um 20.000 kennarar í fylkinu lögðu niður störf. Frumkvæðið kom frá grasrótinni. Meðan forysta kennarasambands fylkisins hvatti kennara til að slá af kröfum sínum neituðu kennarar að gefa eftir. Eftir níu daga verkfall snéru kennarar loks til starfa eftir að hafa knúið fram 5% launahækkun.

Þessi sigur varð innblástur fyrir sambærilegar aðgerðir í öðrum fylkjum. Í byrjun apríl lögðu allir kennarar í Oklahoma og Kentucky niður störf og skömmu síðar fylgdi Arizona í kjölfarið. Kröfurnar voru ólíkar í hverju fylki fyrir sig. Í Vestur Virginíu og Oklahoma voru launahækkanir efst á blaði meðan heilbrigðistryggingar og eftirlaunamál vögu þyngra í Kentucky og Arizona.

Eftir snörp en áköf átök í hverju fylki gátu kennarar í öllum fylkjunum fjórum hrósað sigri.

Sögulegar aðgerðir

Bæði verkfallsaðgerðirnar sjálfar og sigrarnir eru sögulegir. Í Oklahoma hafa kennarar t.d. ekki farið í verkfall síðan 1990. Skipulag verkfallanna er líka til marks um nýja tíma. Í öllum tilfellum hefur skipulagið nánast alfarið komið neðan frá, úr grasrótinni frekar en frá forystu stéttarfélaganna, sem hvatti félagsmenn þvert á móti til hófsemi og var andsnúin róttækum aðgerðum. Skipuleggjendur aðgerðanna reiddu sig því á félagsmiðla frekar en félögin sjálf.

Við höfum séð vaxandi stíganda í grasrótaraðgerðum af þessu tagi í Bandaríkjunum á síðustu mánuðum og árum. #MeToo byltingin er auðvitað gott dæmi. Annað dæmi eru fjöldamótmæli kvenna gegn kvenfyrirlitningu Donald Trump sem milljónir kvenna tóku þátt í, og mótmæli ungmenna sem hafa krafist strangari vopnalöggjafar undir fána March for Life.

Þessar aðgerðir, byltingar, verkföll og mótmæli, eru allar til marks um vaxandi róttækni í bandarísku samfélagi og þær sýna að það er hægt að ná raunverulegum árangri með grasrótaráttavismum.

Rót vandans: Blóðugur niðurskurður

Annað sem er athyglisvert við kennaraverkföllin er að þau hafa ekki aðeins snúist um kjarabætur, líkt og hefðbundin verkföll, heldur hafa þau haft mun víðari skírskotun. Krafan um aukin framlög til menntamála og að undið verði ofan af niðurskurði síðustu áratuga hefur þannig verið þungamiðja í málflutningi kennara.

Skólakerfi margra voru löngu komin að þolmörkum þegar fjármálahrunið dundi yfir 2008. Síðan þá hefur enn meira verið skorið niður. Í 29 fylkjum Bandaríkjanna eru framlög til menntamála í dag lægri en þau voru árið 2008. Skólar í Oklahoma hafa til dæmis staðið frammi fyrir niðurskurði á hverjum einustu fjárlögum í áratug og nú er svo komið að framlög á nemanda eru 28% lægri en þau voru fyrir áratug síðan. Fimmtungur skóla í Oklahoma hefur stýtt skólavíkuna í fjóra daga.

Félagslegir innviðir í rústum

Afleiðingin er að menntakerfi margra fylkja er í raun rústir einar. Lýsingarnar á ástandinu hljóma eins og þær komi frá stríðshrjáðum löndum í þriðja heiminum. Skólabyggingar eru að hruni komnar, ekki er til fé fyrir einföldustu nauðsynjum eins og klósettappír og kennslubækur eru allt að 20 ára gamlar. Kennarar hafa neyðst til að borga fyrir námsgögnum úr eigin vasa og viðhaldi bygginga er sinnt af foreldrum og nágrönnum.

Viða eru bekkir orðnir það stórir að kennarar hafa jafnvel ekki lengur pláss fyrir skrifborð í kennslustofunum. Annars staðar eru ekki nógu mörg borð eða stólar fyrir nemendur sem sitja á gólfinu. Kennarar eru einfaldlega að gera kröfu um að brugðist verði við þessu neyðarástandi.

Launakjör kennara

Kennararnir og aðrir starfsmenn í skólum, hinir raunverulegu innviðir skólakerfisins, eru sömuleiðis komnir að þolmörkum. Á sama tíma og álag hefur aukist samfara niðurskurði hafa laun kennara staðið í stað. Laun kennara í Oklahoma höfðu t.d. ekki hækkað síðan fyrir hrún.

Meðallaun grunnskólakennara í Vestur-Virginíu eru ekki nema 364.000 krónur á mánuði, fyrir skatta. Fjölmargir kennarar eru vitaskuld með lægri laun en það. Afleiðingin er sú að margir kennarar lifa beinlínis í fátækt. Til þess að ná endum saman vinna kennarar á kvöldin og um helgar.

Komið að endastöð

Ástæða þess að stjórnvöld hafa verið tilbúin að koma að samningaborðinu er ekki síst sú að algert hrún menntakerfis þessara fylkja blasti við. Eftir áratugi af niðurskurði þoldu kennarar einfaldlega ekki meira og voru byrjaðir að flýja í stórum stíl til annarra fylkja þar sem þeim bjóðast mun betri laun eða einfaldlega að finna sér aðra vinnu sem borgar betur.

Hvort árangur kennara sé aðeins tímabundinn varnarsigur í baráttunni fyrir því að bjarga félagslegum innviðum Bandaríkjanna, eða hvort hann markar upphaf varanlegs viðsnúnings á eftir að koma í ljós, en hann hefur óneitanlega vakið vonir um að svo sé.

Öflug grasrót

„Með krepptan hnefa“



Ég heiti Hreiðar Már Árnason og ég er deildarstjóri upplýsingamiðstöðvar í Hinu Húsinu. Stéttarfélagið mitt er St.Rv., Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Félagið innan handar

Stéttarfélagið hefur veitt mér námsstyrk til að sækja þekkingu erlendis og fór ég með öðrum stjórnendum hjá Íþrótt- og tómstundasviði borgarinnar til Ungverjalands. Einnig hef ég fengið hjá þeim líkamsræktarstyrk og hef í hyggju að sækja um styrk vegna gleraugnakaupa. Þannig að það er aðallega með þessum hætti sem stéttarfélagið hefur verið mér innan handar.

Launataflan má vera skýrari

Mér finnst aðgengismál bara almennt nokkuð góð en það mætti bæta framsetningu á launatöflu svo að það væri auðveldara fyrir mann að átta sig á henni. Ég þekki það líka í starfi mínu sem yfirmaður og einstaklingur sem ræður fólk hingað inn í vinnu að það getur verið mikið þarfaping að komast yfir upplýsingar um launatöflu og kjör. Sömuleiðis finnst mér að það mætti, í því tilviki sem ég hef verið félagsmaður og það hafa verið einhverjir samningar um kjarasamninga, vera aðgengilegra hverjar kröfur starfsmannafélagsins eru í þessum aðgerðum. En annars held ég að það séu fleiri jákvæðir hlutir en neikvæðir að segja um stéttarfélagið.

Verðum að standa saman

1. maí er táknað dagur í sögulegu samhengi og þjónar svo sem þeim tilgangi að vekja fólk til umhugsunar um kjaramál og baráttu verkafólksfélaganna og stéttarfélaganna. Ég sé svo sem ekki persónulega hvaða tilgangi það þjónar að halda einhvern svona dag einu sinni á ári þar sem við förum í kröfugöngur og berum borða stéttarfélaganna niður Laugavegin, en þú veist - fram þjáðir menn í þúsund löndum - við verðum að standa saman, vinnandi fólk. Þetta er svo sem ágætis tyllidagur fyrir þennan málstað sem er gríðarlega mikilvægur en hefur kannski svona í sögulegu samhengi haft veigameira hlutverk en hann gerir í dag, það er svona mín persónulega skoðun.

Ég vil koma einu að og það er stytting vinnuvikunnar, þetta segi ég með krepptan hnefa og ég lyfti hendinni fyrir ofan höfuðið! Þú heldur ekki úti góðu fjölskyldulífi og vinnur átta tíma á dag. Þú þarft að velja og yfirleitt vitum við hvað fólk velur. Þetta er líka jafnréttismál sem kemur niður á stöðu kvenna á vinnumarkaði.

„Félagið stóð með mér“

Ég heiti Trygve Jonas Eliassen og vinn sem deildarstjóri í leikmunadeildinni í Þjóðleikhúsinu. Stéttarfélagið mitt er SFR.



Mikilvægt samhengi

Það þarf að kíkja á þetta í sögulegu samhengi. Stéttarfélögin hafa gert mjög mikið fyrir vinnandi fólk á Norðurlöndum síðustu 100 árin. Velferðarþjóðfélagið okkar er byggt upp á baráttu verkafólks fyrir stéttarfélögin. Ég held að við þurfum að skoða það í þannig samhengi. Ég hef fengið styrki frá stéttarfélaginu. Í tengslum við leikhúsið höfum við farið í menntunarferð annað hvert ár til útlanda. Þá fáum við ferðastyrk frá stéttarfélaginu okkar. Ég hef einnig þurft að leita til stéttarfélagsins míns einu sinni fyrir lögfræðiaðstoð og félagið stóð með mér.

Aftur til upprunans

Ég held að þessi bylting sem er núna þýði að við þurfum að fara pínulítið „back to the roots“ og viðurkenna að við séum einhvers konar sósíalísk samtök sem berjast fyrir réttindum vinnandi fólks. Það held ég að sé mjög mikilvægt. Og það er kannski, sem útlendingur að koma hingað, eins og heima þar sem meira og minna öll stóru stéttarfélögin eru tengd við verkamannaflokkinn eða til vinstri. Hérna þorum við ekki að takast á við og berjast fyrir réttindum verkafólks, það er sósíalismi. Ég er frá Noregi og ég sé muninn á milli landanna.

Ég ætla í gönguna

1. maí hefur mjög mikla þýðingu fyrir mér. Ég labbaði fyrstu kröfugönguna mína þegar ég var pínulítill svo þetta er mikilvægur dagur fyrir mig til að sýna þessa samstöðu og það hefur fylgt mér alla ævi. Ég ætla að ganga núna líka.

„Félögin eru ótrúlega mikilvæg“



Ég heiti Alda Björg Breiðfjörð og vinn á bráðageðdeild Landspítalans við Hringbraut. Ég er í SFR.

Datt inn á síðuna

Stéttarfélagið hefur í raun gert ótrúlega margt fyrir mig. Ég er trúnaðarmaður deildarinnar sem ég vinn á og í gegnum það hef ég í rauninni lært ótrúlega mikið um réttindi og skyldur í starfinu, hvort sem að maður er trúnaðarmaður eða almennur starfsmaður. Maður fer að spá í þessum hlutum og passa upp á réttindin, vita hverju þú átt rétt á. Ég var lengi í því vinnuumhverfi að ég spáði ekkert í þessa hluti. Þetta hefur kennt mér rosalega mikið um það. Það hefur líka kennt mér að standa með sjálfri mér í því að láta ekki fyrirtæki vaða yfir mann. Svo hef ég verið ótrúlega heppin að fá að fara á fullt af námskeiðum, bæði sem viðkemur því að vera trúnaðarmaður og í tengslum við vaktavinnu og núna síðast var ég á námskeiði um jákvæða sálfræði. Svona velliðan og velgengni í starfi, jákvæða sálfræði í kringum það. Það er ótrúlega áhugavert og er eitthvað sem ég hefði aldrei farið á nema af því að ég datt inn á þetta á síðunni hjá SFR. Mér finnst það ótrúlega gaman en SFR býður nefnilega upp á alls kyns námskeið og alls konar námsleiðir. Ég þarf að kynna mér það betur. Svo hef ég líka sótt styrk til þeirra, ég hef verið í veikindabراسي og þurft sjúkraþjálfun og þeir greiða hluta af því þegar þú ert búinn að vera ákveðið lengi í félaginu. Ég slasaði mig á leið úr vinnu og við fórum einmitt þá inn á svæðið: „Ertu tryggður á leiðinni í og úr vinnu?“ Hver greiðir? Hver er tilbúinn að gera eitthvað í þessu? Það er mál sem er enn þá í gangi síðan í september. Helsta niðurstaðan er sú að þú ert tryggður í og úr vinnu en svo er eitthvað innan smáa letursins um að maður stoppi ekki í búð eða í heimsókn. En það er ekki ennþá komið alveg á hreint hver á að standa straum af læknskostnaði. Sjúkratryggingarnar gerðu það núna í mínu tilviki en neita t.d. að taka þátt í kostnaði við sjúkraþjálfun. Við erum ennþá að skoða það af því að það virðist ekki hafa farið rétta boðleið en ég sé nú fyrir endann á þessu, ég á fund fljótlega með SFR og þá fæ ég á hreint hvernig þetta er.

Hver á að tryggja þig?

Það eru ákveðnir hlutir sem mér finnst að megi vera skýrari. Nú er talað um að þú sért tryggður í vinnunni en hver er það sem er að tryggja þig? Við hvern áttu að tala? Hvað er innifalið í þessu? Núna er ég til dæmis persónulega að standa í alls konar krókaleiðum, á það að vera þannig eða á maður bara að geta haft beint samband við stéttarfélagið og þeir aðstoðað þig við þetta? Mér finnst það rökréttara.

Lífið meira en vinna

Mér finnst þetta mikilvægt í allri réttindabaráttu, sama hver hún er. 1. maí skiptir svo gríðarlegu máli til að passa upp á réttindi hins almenna starfsmanns úti í atvinnulífinu. Það er oft þar sem brotalömin verður. Það er oft minna vesen að eiga við eitthvað innan minni fyrirtækja en þegar þú ert kominn í stærri fyrirtæki þá er hægt að benda á einn sem bendir á annan og það fer í endalausa hringi. Félögin eru ótrúlega mikilvæg. Maður á ekki að þurfa að vinna myrkranna á milli til að geta náð endum saman og borgað það sem maður á að borga en ekki meira en það.

„Komið og leitið til okkar“



Ég heiti Sýlvía Guðmundsdóttir og ég er í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Ég er starfsmaður hjá Reykjavíkurborg á heimili fyrir börn með hegðunarvandamál og einhverfu en er nú í veikindaleyfi.

Draumur sem rættist

Ég er búin að vera í veikindaleyfi síðan 18. júní í fyrra og stéttarfélagið mitt er búíð að vera gríðarlegur styrkur fyrir mig. Ég veit eiginlega ekki hvar ég væri án hennar Jakobínu sem ég hef verið mest í samskiptum við. Ég lendi fyrst í slysi í vinnunni í október 2015, þá fór ég frá í tvo mánuði svo að þetta er orðið svolítið langt mál í rauninni. Því miður var það svo slæmt að það var bótaskýlt og starfsmannafélagið útvegaði mér lögfræðing. Félagið hefur borgað lögfræðing fyrir mig. Ég var að fá niðurstöður úr því máli í dag og þetta er í raun mikilvægur dagur fyrir mig. Jakobína hefur verið mér ótrúleg stoð og stytta og starfsmannafélagið á bak við hana. Þess utan hef ég verið rosalega dugleg að sækja um styrki til þeirra, ég hef alltaf nýtt mér íþróttastyrkina, ég hef verið mjög dugleg að fara á námskeið og

sækja mér endurmenntun, þeir voru að borga fyrir mig fyrir hálfum mánuði námskeið. Stærsta námskeiðið sem þau hafa borgað fyrir mig var úr Vísindasjóði sem er fyrir háskólamenntað fólk og þau greiddu fyrir mig námskeiðsgjald, flug og hótél til að fara til Harvard í ágúst 2017, tveggja daga námskeið í breytingastjórnun. Ég er sem sagt með meistaraþráðu í mannauðsstjórnun og hef lagt áherslu á breytingastjórnun og ég vildi bæta við mig þar. Það er eitthvað sem hefur verið draumur lengi og hefði aldrei orðið að veruleika nema bara af því að ég fékk þennan styrk.

Alltaf má gera betur

Ég persónulega get ekki sett fingurinn á eitthvað sem betur mætti fara hjá stéttarfélaginu. Til dæmis var ég rosalega ánægð með að ég og fleiri vorum boðuð á morgunverðarfund í sambandi við sameiningu við SFR. Fyrir mér sem hef áhuga á breytingastjórnun er þetta rosaleg breyting. Það er örugglega fullt af fólki sem er hrætt við þetta, hrætt við að missa eitthvað. En mér finnst þeir hafa gert þetta virkilega vel. Þeir eru virkir á Facebook svo að það er hægt að fylgjast með öllu sem er að gerast. Gríðarlega flott líka að félagið er líka að veita styrk til meistaranema í Háskóla Íslands þannig að fyrir

mína parta er ekkert sem ég get sett fingurinn á sem mætti fara betur.

Ég hef sjálf verið í stjórn í stéttarfélagi og tel mig hafa góðan samanburð. Það sem maður er að dila við þegar maður er að starfa í stéttarfélagi er hversu mikið hægt er að mata fólk af upplýsingum og hversu mikið þurfa stéttarfélögin sjálf að segja: „Við erum hérna, við erum að bjóða upp á þetta, komið og leitið til okkar. Það verður alltaf að vera ákveðin ábyrgð á félagsmennunum sjálfum. Við búum á Íslandi í svo skrítnum aðstæðum þar sem við erum sett í stéttarfélag í rauninni þó svo að það sé engin skylda. En þetta viðgengst og er. Í öðrum löndum er þetta ekki svona ríkjandi í menningunni. Auðvitað má þó alltaf gera betur. Í dag eru samfélagsmiðlar virkari og stéttarfélög gætu eflaust bætt í upplýsingagjöf þar.

Dagurinn okkar

1. maí skiptir mig rosalega miklu máli persónulega. Langafi minn var einn af þeim sem lagði til að 1. maí yrði formlegur frídagur. Þannig að þetta er eitthvað sem mér þykir mjög merkilegt. Mér finnst þessi dagur miklu mikilvægari en aðrir frídagar af því að þetta er ekki bara frídagur. Þetta er dagur með meiningu og mikil barátta á bak við þennan dag og táknar fyrir mér þessa baráttu og þessi áunnu réttindi. Þetta eru ekki bara réttindi sem komu af sjálfsér. Þetta er eitthvað allt annað en frídagur sem er rauður dagur út af einhverjum trúarbrögðum. Þetta er dagurinn okkar.

„Auðvelt að höggva í réttindin ef baráttan er slök“



Ég heiti Svanhildur Steinarsdóttir og ég er í SFR stéttarfélagi og er sérfræðingur hjá Menntamálastofnun.

Öflugt félag

Félagið hefur gert heilmargt fyrir mig. Ég hef nýtt mér sjóði hjá því, mikið orlofssjóðinn og orlofsávísanirnar, sem sagt flugávísanirnar. Svo hef ég þegið styrki úr starfsmenntunarsjóði vegna háskólanáms og líka þegar ég var í háskólabróu Keilis á sínum tíma. Þá fékk ég styrk úr

starfsþróunarsjóðnum. Ég hef líka fengið styrk vegna tannlæknamála úr sjúkrasjóði, einnig vegna krabbameinsskoðunar. Ég starfa mikið í félagsmálum hjá félaginu, bæði í stjórn starfsmenntunarsjóðs, sem varaformaður háskóladeildarinnar og í ritnefnd blaðsins og ég er líka í félagsráði. Ég fékk styrk hjá félaginu þegar ég var send út til Genfar í Genfarskólann, síðasta sumar, sem er skóli verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum og það var með fjarnáminu sem við vorum í á undan, tveggja til þriggja mánaða fasi. Vorum í ríflega þrjár vikur úti í Genf. Það var í tengslum við Alþjóðlega vinnumálaþingið sem haldið er árlega í Genf. Síðan fékk ég styrk frá félaginu til að fara í námsferð til Palestínu síðasta haust og það var í tengslum við þennan skóla því að nemendafélag skólans var að fara í þessa ferð og kynna sér aðstæður og ræða meðal annars við verkalýðsfélög og Palestínumenn um aðstæður á svæðinu. Ég hef líka farið á Nordisk forum 2014 og það var ómetanlegt af því að það var svo æðislegt að vera þar. Maður fékk að upplifa fyrirlestra sem maður býr enn að. Mér finnst þetta öflugt og gott félag.

Orlofshúsin skipta máli

Það sem mér finnst helst á einhvern hátt mega bæta er að það mætti fjölga orlofsskjóðum eða leggja meiri kostnað í að gera upp og laga húsin og íbúðirnar þannig að það verði aðgengilegra.

Meðvitundarleysi

Mér finnst 1. maí náttúrulega skipta heilmiklu máli því að hann er táknrænn fyrir þessa stéttarvitund sem mér finnst vanta upp á hjá fólki. Fólk er ekki nógu virkt í starfsemi stéttarfélaga, það er það sem ég vil sjá eflast. Ég sá á vinnumálaþinginu síðasta sumar að það er svo mikið af t.d. flutningi vinnuafls um allan heim. Þetta hefur þau áhrif að það er félagslegt undirboð á vinnuafl á þeim stöðum þar sem verið er að flytja fólk til. Það gætir alveg áhrifa frá þessu innan okkar félaga meira að segja, þó að við séum ekki með mikið af erlendu vinnuafl innan okkar raða þá erum við samt að verða fyrir áhrifum af þessu að því leyti að t.d. þegar við sömdum í síðustu kjarasamningum, ég var í samninganefnd að þá var m.a. samið um tekjutrygginguna, sem átti að gefa okkur hækkun til jafns við almenna markaðinn. Það var ekki samið um neitt viðmið og svo þegar farið er að skoða þetta þá kemur bara eitthvað um 1,3 prósent út úr því vegna þess að ríkið vill væntanlega taka þá

viðmiðunaraðila eins og t.d. byggingariðnaðinn, sem er kannski skrítið að miða sig við, en í þeim iðnaði hafa launin hrapað mikið vegna innflutts vinnuafls sem er ekki að fá sambærileg laun og Íslendingar myndu fá. Í mörgum tilfellum er auðvitað farið að kjarasamningum en það er samt þannig að þessi laun hafa lækkað, það hefur bara þannig áhrif. Allt svona finnst mér svo mikið meðvitundarleysi, líka hjá félaginu og þeir mættu kannski íhuga að bæta og efla vitund fólks um mikilvægi þess að vera virkur stéttarfélagi og líka yfir höfuð áhrifin frá vinnumarkaði og hvað stéttarfélög eru mikilvæg. Mér finnst hafa losnað svo mikið um þessi tengsl, þessi samfélagsvitund sem var áður fyrir, þegar fólk var raunverulega að berjast fyrir réttindum og ná þeim og þegar þeim hefur verið náð þá lítur fólk svo á að réttindin séu bara komin til að vera og við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur og stéttarfélögin þá orðin óþörf. Mér finnst í dag eins og þau séu mest nýtt í sjóði eins og orlofssjóði og fyrir fólki eru þau til sem slík stofnun. Í staðinn fyrir að hugsa það víðara og um mikilvægi þess að vita hvernig við semjum um okkar laun og hvernig það skilar sér í okkar sjóði. Þetta er allt eitthvað sem við getum átt á hættu að rýrni ef við sporum ekki við fótum og eflum stéttarfélagsvitundina. Hann er að breytast svo mikið vinnumarkaðurinn, hann er orðinn alþjóðlegri. Það er svo auðvelt að höggva í réttindi þegar það er enginn raunverulega að berjast fyrir þeim. Almenn er forysta stéttarfélaganna orðin veikari, maður sér þó einhverjar hræringar í t.d. Eflingu sem maður vonast til að séu af hinu góða, en það mætti alveg leggja meiri áherslu á svona hjá okkar félagi, og bara almennt, því að fólk er of meðvitundarlaust gagnvart þessu.

Þetta er baráttudagur fyrir réttindum sem náðust með blóði, svita og tárur á árum áður en sem fólki finnst svo sjálfsögð í dag. Fólk virðist ekki átta sig á því að þau eru ekki endilega sjálfsögð eða komin til að vera. Mér finnst margt vera í höggvið, maður finnur t.d. tregðuna við að stytta vinnuvikuna, þetta er ákveðið viðhorf sem sýnir að það er á brattann að sækja þó að vinnumarkaðurinn hafi breyst svona rosalega, hann er mun tæknivæddari og fólk er að vinna störf á tölvum í dag, t.d. bókhald, sem voru mun tímafrekari á árum áður og faktískt ætti dagurinn að vera styttri. Maður skilur ekki alveg þennan vegg sem maður lendir á, hjá t.d. vinnuveitendum. Maður sér ekki alveg hvað tapið ætti að vera.

Ljósmyndasamkeppni

Ljósmynd er listaverk

Nú blásum við til ljósmyndasamkeppni meðal félagsmanna SFR og St.Rv. Í fyrri keppnum hafa félagar sýnt ótvíræða listræna hæfileika sem okkur finnst tími kominn til að við fáum að njóta á ný.

Samkeppnin heitir að þessu sinni SUMAR Á FRÓNI og markmiðið er að festa óviðjafnanlega fegurð landsins okkar á sumarmánuðum á filmu. Myndin þarf að sýna íslenskt sumar á þann hátt að hún heilli dómnefndina upp úr skónum.

Keppnisflokkar eru tveir.

- A) Fólk – ljósmyndir þar sem fólk nýtur sumars í öllum veðrabrigðum
- B) Landið – ljósmyndir þar sem náttúran leikur aðalhlutverkið.

Valdar verða þrjár bestu myndirnar í hvorum flokki og veitt verðlaun fyrir þær. Í dómnefndinni sitja fimm fulltrúar, tveir frá hvoru félagi auk fagaðila um ljósmyndir. Dómnefnd mun ekki hafa aðgang að upplýsingum um höfund eða uppruna myndanna. Félögin áskilja sér rétt til að nota allar myndir sem berast í útgáfu og kynningarefni.

Skilafrestur ljósmyndanna í keppnina er til 15. ágúst 2018.

Veglegir vinningar:

1. Helgardvöl í orlofshúsi félaganna að eigin vali (utan úthlutunartíma).
2. Veiðikortið og útilegukortið.
3. Hótelmiðar á Íslandshótel/Fosshótel.

Ljósmyndum má skila hvort sem er rafrænt eða á pappír. Ljósmyndir á rafrænu formi skal senda á solveig@sfr.is en myndir á pappír skal senda í pósti til Blaðs stéttarfélaganna, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík og merkja Blað stéttarfélaganna – ljósmyndasamkeppni.

Nánari upplýsingar veitir Sólveig Jónasdóttir í síma 525-8353, solveig@sfr.is.





Verkfall í Danmörku

Óbilgirni danskra stjórnvalda

Stórátök hafa verið víða í Evrópu undanfarið. Hér á landi hafa ljósmæður verið í harðri kjaradeilu og fjármálaáætlun stjórnvalda gefur til kynna að kjaraviðræður annarra félaga verði ekki með einfaldasta móti. Í Noregi stefndi allt í verkfall fyrr í vor. Bæði í Frakklandi og Þýskalandi hafa opinberir starfsmenn lagt niður störf til að fylgja kröfum sínum eftir. Í Danmörku hafa um 100 þúsund opinberir starfsmenn boðað verkfall, sem hefur mætt óvenju mikilli hörku yfirvalda í landinu.

Mesta vinnustöðvun í sögu Danmerkur

Danski ríkissáttasemjarinn ákvað 18. apríl að nýta heimild til að fresta verkfallsaðgerðum og fyrirhuguðu verkbanni opinberra starfsmanna um hálfan mánuð. Daginn áður hafði forsætisráðherra Danmerkur lýst því yfir að ögurstund væri runnin upp. Það væri nú eða aldrei, að loknum árangurslausum samningafundi sem hafði staðið í sólarhring. Sáttasemjarinn var greinilega á öðru máli.

100 þúsund opinberir starfsmenn hugðust fara í verkfall eftir páska. Þeirri aðgerð var frestað af ríkissáttasemjara landsins, og nú aftur.

Talsmenn opinberu verkalýðsfélaganna voru frekar bjartsýnir eftir samningafundinn langa. Stjórnvöld hafa hins vegar brugðist við kröfum opinberra starfsmanna með mikilli hörku og óbilgirni. Þegar ljóst var að 100 þúsund opinberir starfsmenn sæju enga lausn aðra en að leggja niður vinnu, ákváðu stjórnvöld hins vegar að hella olíu á þann eld. Ljóst er að verkfall myndi hafa mikil

áhrif í dönsku þjóðfélagi. Svar stjórnvalda hefur hins vegar verið að hóta verkbanni 340 þúsund starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Það mun gert í þeim tilgangi að draga úr stuðningi og samúð við félagsmenn opinberu félaganna og til þess að veikja verkfallssjóði félaganna. Þetta heitir í stuttu máli skítatrix. Að auki er ljóst að verkbannið ofan í verkfall myndi lama danskt þjóðfélag algjörlega.

Aukinn ójöfnuður rótinn

Í nýlegri umfjöllun DV um stöðuna sagði meðal annars:

„Vaxandi harka í átökum launafólks og eigenda fjármagns og fyrirtækja (og stjórnmalaflokka á þeirra vegum) er ekki séríslenskt fyrirbrigði heldur óhjákvæmileg afleiðing af endalokum nýfrjálsbyggjunnar, samfélagssáttmála sem byggði á óskhyggju þess kenningar-safns um að allir myndu græða ef mokað yrði endalaust undir hina ríku. Afleiðingin varð hrun samfélagsins, veiking velferðarkerfisins, stöðnun líf skjara almennings, vaxandi völd auðvaldsins og aukinn ójöfnuður með tilheyrandi afleiðingum; minnkandi trausti og upplausn. Þegar launafólk rís upp og krefst endurreisnar þess samfélags sem byggðist upp af kröfum verkalýðshreyfingarinnar á síðustu öld bregðast þau sem efnuðust mest á tímum nýfrjálsbyggjunnar við vaxandi fasisma, ógnum og óttapólitík.“

Sanngjarnar kröfur

Verði af verkfalli og verkbanni munu áhrifin á danskt samfélag verða gríðarleg. Þetta mun hafa áhrif á samgöngur, jafnt á lofti sem landi, skólakerfið lamast að stórum hluta, bæði leik- og grunnskólar. Skólar fyrir fötlud börn og börn með sérþarfir fá samt sem áður undanþágu

frá þessum átökum. Verði af verkfalli og verkbanni mun heilbrigðiskerfið starfa samkvæmt neyðaráætlun, draga mun úr starfsemi lögreglu, verkfallið hefur áhrif á fangelsi, matvælaeftirlit leggst í dvala sem þýðir að ekki verður afgreitt kjöt og áfram mætti telja.

Verkalýðsfélögin hafa bent á að verkfalls-boðun verði ekki til úr engu. Ekki komi til greina að sætta sig við að laun staðni og vinnuaðstæður versni. Sem dæmi hafa verkalýðsmenn nefnt opinbera frídaga, greidd hádegishlé, réttindi eldri borgara og fleira.

Átök víðar

Samningar tókust á síðustu stundu í Noregi í byrjun apríl en 35 þúsund manns úr tveimur stærstu verkalýðssamtökum landsins, LO og YS, höfðu boðað verkfall. Atvinnurekendur vildu ekki sætta sig við launakröfur og hugmyndir um eftirlaunaaldur. Á endanum var samið um 2,8 prósentu hækkun launa og að reglur um eftirlaunaaldur yrðu endurskoðaðar.

Verkfallsátök og harka í vinnudeilum er víðar en á Norðurlöndunum. Í Frakklandi hafa starfsmenn ríkisjárnbrautanna efnt til verkfalla tvo daga af fimm og eiga þær aðgerðir að standa fram á sumar. Þar óttast fólk einkavæðingu og því sem slíkum aðgerðum hefur ávallt fylgt fyrir launafólk.

Þá hafa starfsmenn þýska flugfélagsins Lufthansa einnig þurft að knýja á um kröfur sínar með því að leggja niður störf.



Aðalfundur St.Rv.

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var haldinn 5. apríl síðastliðinn. Góð mæting var á fundinn. Formaðurinn, Garðar Hilmarsson, flutti skýrslu um félagsstarfið á síðastliðnu ári en ársskýrslan er aðgengileg félagsmönnum á heimasíðu félagsins. Fjármálastjórinn Ása Clausen fór yfir reikninga félagsins. Kjörstjóri tilkynnti um niðurstöður úr stjórnarkjöri en tillaga uppstillingarnefndar um formann og 5 stjórnarmenn var eftirfarandi; Garðar Hilmarsson formaður, Herdís Jóhannsdóttir Fjármálaskrifstofu Rvk., Ingvaldur Jónsdóttir Grundaskóla Akranesi, Ingibjörg Sif Fjeldsted Orkuveitu Reykjavíkur, Sigrún Helga Jónsdóttir SFS og Rut Ragnarsdóttir MOF.

Framboð barst frá Bryngeiri Arnari Bryngeirssyni SFS og stjórnarkjör var dagana 7. og 8. mars og náði Bryngeir Arnar kjöri.

Þau 5 sem hlutu kosningu til stjórnar voru:

Sigrún Helga Jónsdóttir, Rut Ragnarsdóttir, Herdís Jóhannsdóttir, Ingibjörg Sif Fjeldsted og Bryngeir Arnar Bryngeirsson. Ingvaldur Jónsdóttir náði ekki kjöri.

Aðrir sem sitja í stjórn félagsins til 2019 eru eftirtaldir; Gunnar R. Matthíasson LSH, Ingunn Hafdís Þorlákssdóttir Seltjarnarnesi, Jón Bergvinsson, Framkvæmda- og eignasviði, Þorsteinn V. Einarsson, Skóla og frístundasviði og Þórdís B. Sigurgestsdóttir, Faxaflóahöfnum.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf sem gengu fljótt og vel fyrir sig voru eftirfarandi ályktanir samþykktar.

Félagslegur aðbúnaður erlendra starfsmanna

Aðalfundur St.Rv. 2018 krefst þess að atvinnurekendur tryggi félagslegt öryggi erlends starfsfólks og aðgengi þeirra að nauðsynlegum upplýsingum sem snerta ráðningu þeirra, réttindi og hagsmuni á því tungumáli sem það skilur. Um leið skorar aðalfundur St. Rv. 2018 á BSRB að standa að gerð aðgengilegs upplýsingaefnis á ensku og pólsku um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Heilbriggt vinnuumhverfi fyrir alla

Aðalfundur St. Rv. 2018 telur mikilvægt að vinna að því með faglegum hætti að útrýma hvers konar mismunum, ofbeldi eða áreitni á vinnustöðum og að með reglulegum hætti sé gerð úttekt á félagslegum aðbúnaði starfsfólks. Ef starfsfólk verður fyrir áreitni skal tryggt að upplýsingar um viðbrögð atvinnurekanda séu öllum starfsmönnum aðgengilegar. Aðalfundur beinir því til stjórnar félagsins að fylgja þessari ályktun eftir í eigin starfi og í samstarfi við önnur stéttarfélög og aðra hlutaðeigandi aðila með fræðslu og upplýsingagjöf.



Stytting vinnuvikunnar

Aðalfundur St. Rv. 2018 fagnar tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar. Jafnframt skorar fundurinn á Reykjavíkurborg að fyrirbyggja mismunum og tryggja öllum stofnunum þátttöku í tilraunaverkefninu. Skorar fundurinn á aðra viðsejendur félagsins að feta í sömu spor og leggur áherslu á að í næstu kjarasamningum verði samið um almenna styttingu vinnuvikunnar án tekjuskurðingar.

Aðbúnaður barnafólks

Aðalfundur St.Rv. 2018 telur nauðsynlegt að atvinnurekendur komi til móts við foreldra ungra barna með því að fjölga dögum vegna veikinda barna, bæta orlofsréttindi á vetrartíma til samræmis við vetrarfrí og starfsdaga í grunn- og leikskólum og auka sveigjanleika vinnutíma foreldra. Fundurinn telur brýnt að samninganefndir félagsins beiti sér fyrir afnámi aldurstengingar við orlofsrétt og auknum sveigjanleika í vinnutíma í næstu kjarasamningum.

Umönnunarbilið

Aðalfundur St. Rv. 2018 krefst þess að sveitarfélögin leysi hið fyrsta þann vanda sem foreldrar ungra barna standa frammi fyrir vegna skorts á leikskólarýmum. Skorað er á stjórnvöld að leysa málið í heild sinni með tilliti til lengdar fæðingarorlofs og framboðs leikskólaplássa.

Lenging fæðingarorlofs

Aðalfundur St. Rv. 2018 skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að lengja nú þegar fæðingarorlof úr 9 mánuðum í 12 mánuði.

Sérstakar aðstæður vegna umönnunar náinna aðstandenda

Aðalfundur St. Rv. 2018 telur nauðsynlegt að stjórn St.Rv. og samninganefndir setji inn í kröfugerð fyrir næstu samninga að tekið verði sérstakt tillit til veikinda maka, foreldra eða annarra fjölskyldumeðlima samanber veikindarétt vegna barna.

Launajafnrétti

Um leið og aðalfundur St.Rv. 2018 fagnar þeim árangri sem Reykjavíkurborg hefur náð í því að jafna laun karla og kvenna krefst fundurinn þess annars vegar að starfsmenn sveitarfélaga búi við sömu kjör og ríkisstarfsmenn og hins vegar að vinnu við að jafna mun á launum opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði verði hraðað verulega.

Sumarferð eftirlaunahóps St.Rv. verður fimmtudaginn 21. júní n.k.

Farin verður spennandi ferð um Reykjanesið undir leiðsögn Harðar Gíslasonar þar sem skoðaðir verða ótrúlega áhugaverðir, fallegir og sögulegir staðir í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið.

Brottför kl. 09:00 frá Grettisgötunni

Áætluð heimkoma kl 21:30 – 22:00

Fjöldi þátttakenda takmarkast við einn langferðabíl.

Innifalið í ferðinni er:

Ferð í langferðabíl með leiðsögn

Léttur hádegisverður í Grindavík

Pönnukökukaffi í „Officeraklúbbnum“ á Keflavíkurvelli

Kvöldverður í Garðinum

Félagsmönnum er boðið að taka með sér einn gest.

Pantanir á heimasíðu félagsins eða í síma 525 8330

Verð kr. 7.000 kr.



Páskabingó SFR og St.Rv.

Setið var bókstaflega á hverjum stól á páskabingói SFR og St.Rv. sem var haldið 17. mars síðastliðinn. Þegar búið var að sækja alla stólana í mötuneytið vantaði enn stóla þannig að setið var líka frammi á gangi.

Krakkarnir voru ótrúlega góð og einbeitt þrátt fyrir keppnisandann og á milli lota skiptust þau á að segja brandara í míkrofóninn. Heppnin eltir ekki alla jafnmikið en enginn fór þó tómhentur heim og allir fengu egg úr körfunni hennar Rutar bingóstjóra í lokin.



1. maí kaffi BSRB

Munum eftir 1. maí kaffinu í BSRB húsinu við Grettisgötu 89 í Reykjavík eftir að útifundinum á Ingólfstorgi lýkur.

Lúðrasveit verkalýðsins kemur í heimsókn.

Félagsmenn St.Rv. og SFR eru hjartanlega velkomnir.

Þann 21. mars var aðalfundur SFR haldinn og var hann fjölmennur að venju. Dagskráin var með hefðbundnu sniði og byrjaði Árni Stefán Jónsson á því að flytja skýrslu stjórnar þar sem hann rakti helstu baráttumál og viðburði ársins 2017. Á fundinum var trúnaðarmaður ársins heiðraður en það er hún Halldóra Þ. Ólafsdóttir sem starfar hjá Bændasamtökunum sem hefur verið trúnaðarmaður í nokkur kjörtímabil ásamt því að vera í Menningar- og skemmtinefnd SFR. Við óskum henni innilega til hamingju og þökkum henni vel unnin störf fyrir félagið.



Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar einróma á aðalfundi SFR:

Almannatryggingakerfið

Almannapjónustan á að gegna lykilhlutverki í uppbyggingu velferðarsamfélagsins. Markmið þess er að tryggja félagslegt og efnahagslegt öryggisnet allra. Tryggja þarf fjármagn til að standa undir því hlutverki.

Allt tekjutengingar almannatryggingakerfisins á að afnema. Það er ólíðandi ósiður stjórnvalda að tengja saman tekjur og sparnað landsmanna þannig að ævilangur sparnaður verður í sumum tilfellum verðlaus eða verðlítill.

Kjaramál

Á síðustu mánuðum hefur almennt launafólk þurft að þola fréttir af hreint ótrúlegum launahækkunum til forstjóra fyrirtækja og embættismanna sem heyra undir Kjaraáð. Aðalfundur SFR fordæmir þá takmarkalaus græðgi sem birtist í launagreiðslum til stjórnenda og stjórnna fyrirtækja sem almenningur á í að stórum hluta gegnum lífeyrissjóði sína. Almenningur á Íslandi á lífeyrissjóðina!

Nú er tímabært að spyrna við fæti og setja lífeyrissjóðum landsins strangari reglur sem þeir verða að starfa eftir. Í þeim reglum verður meðal annars að setja skilyrði um launastefnu fyrirtækja og tengingu hennar við launaþróun hjá almenningi.

Aðgerðir gegn áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði

Aðalfundur SFR krefst þess að atvinnurekendur sjái til þess að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustöðum séu í lagi. Það er mikilvægt að bregðast við og stórefla aðgerðir til að vinna gegn áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði með faglegum hætti. Í því verki verður að leggja ríka áherslu á samstarf við starfsfólk. Um leið og aðalfundur SFR 2018 beinir því til ríkis, sveitarfélaga og annarra atvinnurekenda að bæta aðbúnað, hollustuhætti og vinnustaðamenningu, beinir aðalfundur því til stjórnar félagsins að fylgja þessari ályktun eftir, bæði í starfi félagsins og með því að standa að fræðsluverkefni og umbótaátaki í samstarfi við önnur stéttarfélög eftir atvikum og/eða Vinnueftirlit ríkisins.

Stytting vinnuvikunnar

Kjarasamningar verða að tryggja gott samspil fjölskyldu- og atvinnulífs. Aðalfundur SFR 2018 leggur því áherslu á að unnið verði að styttri og sveigjanlegri vinnuviku.

Í kjarasamningi við ríkið 2015 var samið um að fara af stað með tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar. Nú er komin nokkur reynsla á verkefnið og allir vísar benda til þess að stytting vinnuvikunnar skili ánægðara og frískara starfsfólki og kalli ekki á aukinn kostnað atvinnurekenda.

Aðalfundur SFR 2018 ályktar því að nú sé kominn tími fyrir næsta skref í þessu þjóðþrífamáli og leggur áherslu á að í næstu kjarasamningum verði samið um almenna styttingu vinnuvikunnar og sérstaka styttingu á vinnuviku vaktavinnufólks, án tekjuskerðingar.



Aðalfundur Lífeyrisdeildar SFR

Lífeyrisdeild SFR hélt aðalfund sinn þann 4. apríl. Á fundinum var kosinn nýr formaður og fjórir nýir félagar tóku sæti í stjórn. Ingibjörg Óskarsdóttir var kosin formaður en þess má geta að hún var varaformaður SFR á árunum 1996-2002 og þekkir því vel til félagsins og kjarabaráttunnar síðustu áratugi.

Nýja stjórn skipa þau Sölvi Arnarson, Ólafur Loftsson, Lena Hákonardóttir og Sigurður Helgi Helgason sem koma ný inn í stjórnina. Þau Jan Agnar Ingimundarson og Guðrún María Hjálmsdóttir halda áfram í stjórn frá fyrra kjörtímabili. Eyjólfur Magnússon og Sigurður Skúlason voru endurkjörnir skoðunarmenn reikninga. Úr stjórn hverfa þau Krístrún B. Jónsdóttir formaður, Bjarnís Júlíusdóttir, Emil L. Guðmundsson og María Björg Gunnarsdóttir og var þeim þakkað fyrir gott starf í þágu deildarinnar.

Bryndís Theodórsdóttir varaformaður SFR ávarpaði fundinn og flutti áhugavert erindi um breytta tíma og síbreytilegt samfélag okkar og að lokum var samþykkt eftirfarandi ályktun sem skorar á stjórnvöld að afnema tekjutengingar og forgangsraða byggingu hjúkrunarheimila:

Lífeyrisdeild SFR krefst þess að stjórnvöld standi vörð um heilbrigðiskerfið og forgangsraði byggingu hjúkrunarheimila og útrými biðlistum sem eru til skammar fyrir eina ríkustu þjóð heims. Lífeyrisdeild SFR mótmælir harðlega að greiðslur úr lífeyrissjóðum skerði lífeyri frá almannatryggingum. Þegar lífeyrissjóðir voru stofnaðir var gert ráð fyrir að lífeyrir úr þeim yrði til viðbótar lífeyri frá almannatryggingum og eiga því ekki að skerða þann lífeyri. Allt tekjutengingarkerfi almannatryggingakerfisins á að afnema. Auka á sveigjanleika í starfslokum þannig að þeir sem það kjósa geti unnið lengur án þess að eftirlaunin skerðist. Við skorum á stjórnvöld að leiðrétta kjör eldri borgara án tafar.



Sigurður, Ingibjörg, Jan, Guðrún María, Ólafur og Lena. Á myndina vantar Sölva.

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Verðlaunakrossgáta. Krossgátan er fastur liður í Bláði stéttarfélaganna, félagsmönnum vonandi til ánægju. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. ágúst næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (12.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félaganna frá 15. september til 1. maí að undanskildum, páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til SFR eða St.Rv., Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta.“ Einnig má senda svar á netfangið krossgata@bsrb.is.

1. MAÍ 2018



Dagskrá 1. maí 2018 — Reykjavík

- Kl. 13.00** Safnast saman á horni Laugavegar og Snorrabrautar
- Kl. 13.30** Kröfugangan leggur af stað niður Laugaveg
Lúðrasveit verkalýðsins og lúðrasveitin Svanur spila í göngunni
- Kl. 14.10** Útifundur á Ingólfstorgi hefst
Síðan skein sól
Ræða: Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR
Síðan skein sól
Ræða: Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM
Heimilistónar
Heimilistónar og Síðan skein sól /
Samsöngur– Maístjarnan og Internasjónalinn
- Fundarstjóri er Þórarinn Eyfjörð
Öll dagskrá verður táknmálstúlkuð
Kolbrún Völkudóttir mun syngja á táknmáli í tónlistaratriðum
- Kl. 15.00** Fundarslit

STERKARI SAMAN